

Morgunblaðið

Útgefandi
Framkvæmdastjóri
Ritstjórnar

hf. Árvakur, Reykjavík.
Haraldur Sveinsson.
Matthías Johannessen.
Eyjólfur Konráð Jónsson.
Styrmir Gunnarsson.
Þorbjörn Guðmundsson.
Björn Jóhannsson.
Árni Garðar Kristinsson.
Aðalstræti 6, sími 10-100.
Aðalstræti 6, sími 22-4-80.

Ritstjórnarfulltrúi
Fréttastjóri
Auglýsingastjóri
Ritstjórn og afgreiðsla
Auglýsingar

Áskriftargjald 360,00 kr. á mánuði innanlands.
í lausasölu 22,00 kr. eintakið.

Rógsherferðin í Moskvu og Reykjavík

Herferðin gegn sov-
ézka Nóbelskáldinu
Alexander Solzhenitsyn
heldur áfram í sovézku-
um blöðum og tímarit-
um. Í nýlegu tölu-
blaði Pravda er Solzhen-
itsyn sagður „óður
maður, sem hefur orðið
brjáláður af hatri og er án
tauga til Sovétríkjanna“ og
Nóbelskáldið er kallað
„svikari, sem eigi engan
samastað með heiðarlegum
Sovétborgurum og föður-
landsvinum“. Áður hefur
Pravda sagt, að Solzhenit-
syn eigi skilið örlög föður-
landssvikara, en sam-
kvæmt sovézkum lögum
liggur dauðarefsing við
föðurlandssvikum. Og
vikurit sovézkur rit-
höfundasamtakanna hefur
sagt, að „Solzhenitsyn er
óvinur lands síns. Hann er
óvinur lands sinna, það eru
engar ýkjur að segja, að
hann sé í andlegu sam-
félagi við landráðamenn,

sem beittu vopnum gegn
eigin þjóð“.

Herferðin gegn Solz-
henitsyn hefur vakið
mikla athygli á Vesturlönd-
um, og enginn vafi er á því,
að ástæðan til þess, að
Sovétstjórnin hefur ekki
gripið til harkalegri að-
gerða gegn Nóbelskáldinu
er sú, að herrarnir í
Moskvu óttast þá mótmæla-
öldu, sem upp mun rísa á
Vesturlöndum, ef
Solzhenitsyn verður settur
í fangabúðir eða frelsi hans
heft með öðrum hætti. En
hafa menn tekið eftir því,
að hér á Íslandi hafa undir-
sátar Kremlbænda hafið
herferð gegn nokkrum ein-
staklingum, sem líkist með
ótrúlegum hætti herferð-
inni gegn Solzhenitsyn.
Þegar skoðað er það orð-
bragð, sem kommúnista-
málgagnnið á Íslandi hefur
notað undanfarna daga um
aðstandendur undirskrifa-
söfnunarinnar gegn

varnarleysi Íslands kemur
í ljós, að það er af sama
toga spunnið, og það orð
bragð, sem sovézk blöð
vota um Solzhenitsyn.
Þjóðviljinn lýsir aðstand-
endum undirskrifa-
söfnunarinnar sem „rottu-
legum karakterum“,
„hundflötum skrælingja-
lýð“, „Bandaríkjaleppum“
og svo framvegis. Hér er
talað í svo líkum tón, að
engin tilviljun er. Forystu-
menn kommúnista á Ís-
landi og skrifinnar Þjóð-

að þagga niður í einum
manni austur í Sovét-
ríkjunum.

Stundum hefur því verið
haldið fram á undanförn-
um árum, vegna þeirrar
þíðu, sem skapast hefur í
samskiptum austurs og
vesturs, að veruleg breyt-
ing hafi orðið á stjórnerfi
Sovétríkjanna. Herferðin
gegn Solzhenitsyn sýnir, að
svo er ekki. Kommúnistar

hér á Íslandi hafa einnig
reynt að fá almenning til
þess að trúá því á undan-
förnum árum, að þeir hafi
breytt, að þeir séu ekki
sömu Moskvubjórnar og
áður. Viðbrögð þeirra við
herferðinni gegn
Solzhenitsyn og rógsher-
ferð þeirra gegn aðstand-
endum undirskrifa-söfnun-
arinnar sýnir, að kommún-
istar á Íslandi hafa heldur
ekki breytt.

Listaverk Reykjavíkurborgar

Á undanförnunum árum
hefur Reykjavíkurborg
keypt talsvert af lista-
verkum eftir listamenn
yngri sem eldri. Um þessar
mundir stendur yfir sýn-
ing á Kjarvalsstöðum á
þessari listaverkakeign
borgarinnar og er óhætt að
fullyrða, að borgarbúar
eru almennt sammála
þeirri stefnu forráða-
manna Reykjavíkurborg-
ar, að borgin eignist gott
listaverkasafn.

Í sýningarskrá vegna
sýningarinnar á Kjarvals-
stöðum ritar Birgir Ísleifur
Gunnarsson borgarstjóri
nokkur formálsorð, þar
sem hann fjallar um
þennan hátt í starfsemi
borgarinnar og segir m.a.:
„Sú staðreynd, að borgin
ver á ári hverju nokkru
fjármagni til kaupa á lista-
verkum er óumdeild. Hitt
er jafnvíst, að sitt kann
hverjum að sýnast um
myndaval. Gamlir, virðu-
legir meistarar eru nokkuð
fyrirferðarmiklir á mynda-
safni borgarinnar, en þar

eru líka myndir eftir okkar
yngstu menn. Stefna borg-
arinnar er sú, að eignast
sýnishorn af myndum sem
flestra íslenskra lista-
manna, a.m.k. þeirra, sem
lifa og starfa í borginni. Að
vísu hafa málverk eins
og þau, sem hér eru
sýnd, þann galla, að þau
eru ýmist hengd upp í
sýningarsölum eða ýmsum
stofnunum, sem misjafn-
lega margir heimsækja. Til
að myndverk nái þeim til-
gangi að verða í raun al-
menningseign þarf að
koma listinni meira út til
fólksins. Af hálfu borgar-
innar verður það bezt gert
með því að stórauka fjölda
höggmynda, sem settar eru
upp í borginni og flytja
þær meir út í hverfin,
svo og með því að ráða
myndlistarmenn til að
skreyta borgarbyggingar
bæði að utan og innan í
meira mæli en nú er gert.
Að þessu hlýtur að vera
stefnt, þannig að borgarbú-
ar í daglegri önn séu í sem
nánastri snertingu við list-
ina í borginni.“

Jón úr Vör:



Eins og menn vita er það að
verða mikil iðn á Íslandi að
setja saman bækur, sem ætlað
ar eru til jólagjafa. Einkum
hefur þessari bókaútgáfu vaxið
fiskur um hrygg síðan sjón-
varpið kom til sögunnar, því
þar eru auglýsingar miklu
áhrifameiri en í útvarpi og
blöðum. Fæstar eru þessar
bækur skáldskapur eða tilraun-
ir til bókmenntalegrar starf-
semi í þeirri merkingu sem
lengst af hefur verið lögð í
þessi hugtök. Hér eru víðtals-
bækur, andabækur ævminning-
ar, þjóðlegur fróðleikur. Allt
væri þetta gjaldgeng vara, ef
vel væri unnið, og sumar
þessara bóka eru það að sjálf-
sögðu. En ótrúlega miklu af

þessu er rubbað upp af lítilli
fyrirhyggju og enn minni
smekkvísi. Fólkið, sem fær
þetta gefið, segir að sjálf-
sögðu fátt, þegar smekk þess er mis-
boðið, enda væri það lítil
kurteisi við gefendur. Bóka-
gagnrýnendur eru hér yfirleitt
mjög miskunnsamir — og ef út
af því bregður ætlar allt vit-
laust að verða. Þessi iðja er að
kæfa raunverulega bókmennta-
starfsemi í landinu. Bókaútgef-
endur fitna og fyllast auknum
hroka gagnvart hinum eigin-
legu rithöfundum, þanta meira
og meira af þessum sölu-
varningi, en fúlga við því sem
þeir þykjast ekki geta grætt á.
Þetta á að sjálf-
sögðu ekki við um alla útgefendur, en undan-
tekingarnar eru fáar. Eg tala
hér af eigin reynd. Eg hef orðið
að gefa sjálfur út flestar bækur
mínar, þrjár af níu frum-
útgáfum hafa aðrir gefið út —
og í tvö skiptin með slíkum
afarkostum að ég tel mig hafa
beðið við það varanlegt tjón á
sál og líkama. — Og ég er ekki
einn um þessa reynslu.

Rithöfundar hafa alla tíð, hér
sem erlendis, staðið í fylkingar-
brjósti, þegar barist hefur verið
fyrir mannréttindum og launa-
jafnrétti. En þeir eru
einstaklingshyggjumenn og
fæstir línudansarar. Samtök
þeirra sjálfra og samvinna við
ríkisvaldið er því sjaldnast góð.
Vegna fámennis hér er örðugra
en annarsstaðar að sinna köllun
skáldskaparins og hér hefur
ætið legið í landi að skáldskap-
ur sé tómstundadúll, beri laun í

sjáldu sér, en eigi ekki að
greiðast í peningum. En þetta
eru háskalegar kenningar. Ein-
staka skáld hafa risið upp á
Íslandi og sigrast á öllum erfið-
leikum, en mestur fjöldi þeirra,
sem fást við bókmenntastörf,
gefist upp með einum eða
öðrum hætti, koma því ekki í
verk sem gera átti eða slaka á
kröfum listarinnar. Ymsir
þeirra sem bestum árangri ná
kaupa sigurinn svo dýru verði,
að þeir og þeirra nánustu hljóta
að spyrra: Var þetta rétt?

Þetta á ekki að vera löng
grein og verður því fátt sagt af
því sem segja þyrfti. — Einn
þeirra jólabókahöfunda, sem ég
nefndi áðan, maður sem kallar
sig Blekullara, ritar stuttan
pistil í Timann 18. jan. s.l. Þar

Bækur og bókmenntir

er kvartað undan skiptingu fjár
þess sem ríkið hefur nýlega
ætlad til uppþótar á höfund-
laun rithöfunda og fræði-
manna. Hjá honum — og
raunar fleirum — hefur komið
fram sú skoðun, að úr því þessir
peningar séu kenndir við sölu-
skatt eigi að skipta þeim á milli
manna í hlutfalli við verð og
eintakafjölda seldra bóka
þeirra. Þessi skoðun hefur og
verið studd af virðulegum
félagssamtökum, sem ég kann
ekki við að nefna.

Nú skulum við athuga með
hvaða hætti er til þessa nýja
rithöfundasjóðs stofnað.

Samtök rithöfunda og
einstakir formælendur þeirra
hafa áratugum saman reynt að
sannfæra alþingismenn og ráð

herra um það, að nauðsynlegt
sé að styrkja listræna bók-
menntastarfsemi í landinu, rit-
höfundar búi við óeðlilega sam-
keppni vegna innflutnings erl.
bóka og blaða, og þó kannski
ekki síst — sem þó er sjaldnar
neft — vegna óeðlilega
mikillar útgáfu á gervibók-
menntum. Rithöfundar hafa
bent á það í þessu sambandi, að
óeðlilegt sé, að sá gróði sem
rennur til ríkisins vegna
þessara samkeppnisgreina,
skuli ekki vera með einhverj-
um hætti skattlagðar til þess að
standa undir þeirri bókmennta-
starfsemi í landinu, sem er
nauðsynleg til þess að Íslend-
ingar geti kinnroðalaust horfst
í augu við sjálfa sig og aðrar
menningarþjóðir.

Þegar vinstri stjórinn var sett
á laggirnar komst að nýju
hreyfing á þetta mál. Hinn nýi
menntamálaráðherra, mennta-
málanefnd alþingis og nokkrir
vinir rithöfunda í stjórnarand-
stöðunni fengu samþykkt á
alþingi að tólf milljónum af
söluskattstekjum ríkisins af
bókum skyldi varið til upp-
þótarritlauna til rithöfunda og
fræðimanna (síðastnefnda
hópnum bætt við þeim alþingis-
mönnum til huggunar, sem
meir eru fyrir hið þjóðlega en
misgóðan skáldskap). Til
forystu á þingi völdust fyrir
stjórnarliðið Svava Jakobs-
dóttir og af hálfu stjórnarand-
stæðinga Gunnar Thoroddsen.
Þetta gekk því eftir áætlun,
nema helst að einu leyti. Þegar

Framhald á bls. 18